

## Umsögn

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

*Efni: Umsögn um „tillögu áheyrnafulltrúa Flokks fólksins um greiningu á stöðu barna af erlendum uppruna“ – R19050022*

### **Forsaga:**

Á fundi borgarráðs þann 2. maí 2019, var svohljóðandi tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins vísað til meðferðar velferðarráðs:

*Lagt er til að Reykjavíkurborg láti greina stöðu fatlaðra barna með innflytjendabakgrunn til að varpa ljósi á stöðu þeirra í íslensku samfélagi. Skoða þarf hverjar eru aðstæður þessara barna og þarfir, hvernig er þjónusta við þau háttað og hvað má gera til að tryggja að hún komi sem best til móts við þarfir barnanna?*

### **Greinargerð:**

Vaxandi þörf er á að fjalla sérstaklega um aðstæður fatlaðra barna af erlendum uppruna og foreldra þeirra á Íslandi. Í ljósi þessa var haldin ráðstefna 2. maí sl. á vegum Landssamtakanna Þroskahjálpar í samvinnu við hinar ýmsu stofnanir og félagasamtök um stöðu fatlaðra barna af erlendum uppruna. Reykjavíkurborg átti fulltrúa í undirbúningshópi ráðstefnunnar.

Fjöldi innflytjenda og flóttafólks hefur vaxið jafnt og þétt undanfarin ár og samfara því hefur fjöldi fatlaðra barna aukist. Áætlað er að um allt að 30% greininga hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins séu vegna fötlunar barna af erlendum uppruna.

Ein rannsókn hefur verið gerð hér á landi um þennan hóp. Árið 2016 var unnin rannsóknarskýrsla af nýsköpunarsjóðsnema að frumkvæði velferðarsviðs Reykjavíkur. Markmið rannsóknarinnar var að skoða hlutfall fatlaðra barna af erlendum uppruna í þjónustu hjá velferðarsviði, stöðu þeirra á biðlistum og að fá fram sýn starfsmanna á hvernig er að þjónusta foreldra af erlendum uppruna sem eiga fötluð börn (fylgiskjal 1).

Í dag stendur yfir rannsókn á vegum Háskóla Íslands sem unnin er af Snæfríði Þ. Egilson, Guðbjörgu Ottósdóttur og Unni Dís Skaftadóttur um hvernig innflytjendafjölskyldur sem eiga fötluð börn takast á við daglegt líf hér á landi, samskipti þeirra við nærsamfélagið og þjónustukerfið sem ætlað er að styðja fjölskyldur fatlaðra barna (fylgiskjal 2). Rannsóknin er enn í vinnslu en búið er að birta hluta af niðurstöðum hennar og kemur m.a. í ljós að reynsla þessara foreldra er margþætt og

breytileg. Staða margra fjölskyldna er erfið, þær standa einar og eru með lítið stuðningsnet. Margar eiga í erfiðleikum með að takast á við og samþætta viðfangsefni daglegs lífs.

#### **Niðurstaða:**

Nú þegar er rannsókn í gangi hjá Háskóla Íslands og nýlega var gerð rannsókn á velferðarsviði til að varpa ljósi á aðstæður fatlaðra barna af erlendum uppruna. Full ástæða er til að halda áfram að greina stöðu þessara barna og foreldra þeirra í samræmi við framlagða tillögu, meðal annars að nýta niðurstöður úr þeim rannsóknum sem framkvæmdar hafa verið og standa yfir til bættrar þjónustu.

Undirbúningur hefur staðið yfir á milli velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs um samstarf um þjónustu við fötluð börn af erlendum uppruna og hvaða leiðir eigi að fara til að tryggja stuðning og samþætta þjónustu. Liður í því er að haldinn verður sameiginlegur fundur með fyrrnefndum rannsakendum frá Háskóla Íslands og niðurstaðan nýtt til nauðsynlegra úrbóta. Einnig verður áframhaldandi samstarf við Landsamtökin Þroskahjálp o.fl. aðila um leiðir til að styrkja fötluð börn af erlendum uppruna og fjölskyldur þeirra og hvernig er hægt er að ná betur til foreldra þeirra með ráðgjöf og upplýsingum. Lagt er til að þessum samráðsvettvangi aðila verði falið að vakta stöðuna, m.a. með tölulegum upplýsingum og leggja fram tillögur um nauðsynlegar úrbætur þegar rannsókn Háskóla Íslands er lokið.

#### **Fylgiskjöl:**

1. Fötluð börn af íslenskum uppruna. Sigurður Páll Jósteynsson, Nýsköpunarsjóður námsmanna 2016
2. Ágrip – rannsókn Háskóla Íslands á stöðu fatlaðra barna og fjölskyldna þeirra.